

Sjóvá – Árshlutauppgjör

7.372 m.kr. hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2021

Priðji ársfjórðungur 2021

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 730 m.kr. (3F 2020: 988 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.764 m.kr. (3F 2020: 572 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.194 m.kr. (3F 2020: 1.266 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,9% (3F 2020: 1,7%)
- Samsett hlutfall 89,9% (3F 2020: 83,2%)

9M 2021 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.874 m.kr. (9M 2020: 1.387 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 6.132 m.kr. (9M 2020: 1.486 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 7.372 m.kr. (9M 2020: 2.338 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 14,3% (9M 2020: 6,4%)
- Samsett hlutfall 90,8% (9M 2020: 92,5%)
- Horfur fyrir árið 2021 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 92% (óbreytt) og að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.200 m.kr. (óbreytt)
- Horfur til næstu 12 mánaða (4F 2021 – 3F 2022) gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.100 m.kr. (var 2.500 m.kr.) og samsett hlutfall um 93% (var 91%).
 - Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi alla jafna um 5% á ársgrundvelli til lengri tíma án vaxtatekna af viðskiptakröfum miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu félagsins.
 - Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það sem af er ári má vænta að ávöxtun nemi um 17,5% á árinu 2021.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Hagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 2.194 m.kr., góð afkoma af váttryggingastarfsemi en dregst þó saman á milli ára og fjárfestingastarfsemin skilar afar góðri afkomu líkt og á fyrri fjórðungum.

Áframhaldandi vöxtur er í iðgjöldum bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Í því felst mikið traust í garð félagsins ásamt því að tryggð núverandi viðskiptavina er mikil. Hvoru tveggja hefur leitt af sér iðgjaldavöxt og vaxandi markaðshlutdeild en áherslan er eftir sem áður á arðsemi.

Tjónahlutfall á þriðja ársfjórðungi hækkar frá sama tímabili í fyrra og er að vaxa í takt við aukna umferð og almennt aukin umsvif í þjóðfélaginu. Samanburðurinn er þó við sögulega lágt tjónahlutfall á síðasta ári. Tjónahlutfall á fyrstu níu mánuðum ársins lækkar lítillega en hafa ber í huga að á sama tímabili í fyrra féll til eitt stórt tjón ásamt því að iðgjöld voru felld niður um sem nemur 650 m.kr. í ljósi óvenju hagstæðrar tjónaþróunar í kjölfar samkomutakmarkana. Nokkur stærri tjón hafa fallið til á þriðja ársfjórðungi þessa árs þó ekki hafi reynt á endurtryggingavernd vegna þeirra. Tjónaþróun fyrir bæði fjórðunginn og fyrstu níu mánuðina er í takt við áætlanir og útgefnar horfur.

Hagnaður á fyrstu 9 mánuðum ársins nam 7.372 m.kr. samanborið við 2.338 m.kr. á sama tímabili á síðasta ári. Afkoma af váttryggingastarfsemi eykst frá fyrra ári og afkoma af fjárfestingastarfsemi er töluvert umfram væntingar og skýrist af góðri afkomu af safni skráðra og óskráðra hlutabréfa en þróun á eignamörkuðum hefur haldið áfram að vera hagstæð. Afkoma af fjárfestingastarfseminni skýrir að miklu leyti aukna afkomu frá sama tímabili í fyrra en miklar sveiflur einkenna þann hluta starfseminnar.

Samþykkt var á hluthafafundi þann 19. október sl. að lækka hlutafé félagsins um 66.489.362 hluti að nafnvirði með ráðstöfun lækkunarfjárins til hluthafa. Nánar verður upplýst um framkvæmd hlutafjárlækkunarinnar þegar öllum lagaskilyrðum hefur verið fullnægt.

Horfur fyrir árið 2021 haldast óbreyttar þar sem gert er ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.200 m.kr. og samsett hlutfall um 92%. Horfur til næstu 12 mánaða breytast og nú er gert ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.100 m.kr. (var 2.500 m.kr.) og að samsett hlutfall nemi um 93% (var 91%). Rekstur tryggingafélaga sveiflast mjög eftir árferði í efnahagsumhverfi. Þegar vel árar í efnahagslífinu og hjól atvinnulífsins snúast hratt aukast alla jafna tjón sem segja til sín í rekstri og því mikilvægt að fylgjast áfram með þeirri þróun. Sem dæmi var akstur um höfuðborgarsvæðið í september sl. einn sá mesti sem mælst hefur eftir verulegan samdrátt í fyrra. “

Kynningarfundur 28. október kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5 og vefstreymi

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt beint á slóðinni www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-3f-2021/. Vilji aðilar sem horfa á kynninguna í streymi bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

4F 2021 – 10. febrúar 2022

Aðalfundur 2022 – 11. mars 2022

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Rúnarsson í síma 772-5590 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	3F 2021	3F 2020	%	9M 2021	9M 2020	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	6.279	5.553	13,1%	17.657	15.376	14,8%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-215	-221	-2,8%	-753	-793	-5,0%
Eigin iðgjöld	6.064	5.332	13,7%	16.904	14.583	15,9%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	63	30	-	154	145	6,1%
Aðrar tekjur	29	31	-7,9%	158	128	23,2%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.156	5.393	14,2%	17.216	14.856	15,9%
Tjón tímabilsins	-4.458	-3.659	21,8%	-12.302	-11.086	11,0%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	4	151	-97,5%	113	547	-79,3%
Eigin tjón	-4.454	-3.508	27,0%	-12.189	-10.539	15,7%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-972	-897	8,4%	-3.154	-2.930	7,6%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-5.426	-4.404	23,2%	-15.342	-13.469	13,9%
Hagnaður af vátryggingarekstri	730	988	-26,2%	1.874	1.387	35,1%
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	1.889	717	-	6.313	2.500	-
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	-17	-36	-51,2%	124	-610	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-108	-110	-1,8%	-305	-403	-24,3%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	1.764	572	-	6.132	1.486	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.493	1.560	59,9%	8.006	2.873	-
Tekjuskattur	-299	-294	1,8%	-634	-534	18,7%
Heildarhagnaður tímabilsins	2.194	1.266	73,3%	7.372	2.338	-
Tjónahlutfall	71,0%	65,9%		69,7%	72,1%	
Endurtryggingahlutfall	3,4%	1,2%		3,3%	1,3%	
Kostnaðarhlutfall	15,5%	16,1%		17,9%	19,1%	
Samsett hlutfall	89,9%	83,2%		90,8%	92,5%	
Rekstrarhlutfall	88,6%	82,4%		89,5%	91,1%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	37,8%	29,2%		42,3%	18,0%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	42,9%	36,0%		45,9%	22,1%	
Hagnaður á hlut	1,68	0,95		5,65	1,75	
Niðurstaða endurtrygginga	-213	-67		-575	-206	
Vátryggingaskuld	34.638	31.086		34.638	31.086	
Heildareignir	69.842	57.519		69.842	57.519	
Eigið fé	25.106	18.382		25.106	18.382	
Gjaldþolshlutfall	1,68	1,83		1,68	1,83	
Lágmarksfjármagnshlutfall	4,78	4,24		4,78	4,24	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung 2021 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 28. október 2021. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.